

LÖG

LANDSSAMBANDS SJÁLFSTÆÐISKVENNA

1. KAFLI

NAFN OG TILGANGUR

1. grein

Landssambandið er bandalag félaga og félagsdeilda sjálfstæðiskvenna og heitir „**Landssamband sjálfstæðiskvenna**“.

Stjórnarsetur þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Tilgangur Landssambands sjálfstæðiskvenna er:

- Að vinna að varðveislu hins íslenska lýðveldis, sjálfstæðis og fullveldis og hagnýtingu gæða landsins í þágu íslenskra þegna.
- Að efla í landinu þjóðlega, víðsýna og frjálsslynda framfarastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis, atvinnufrelsis og séreignar, með hagsmuni allra stétta fyrir augum.

3. grein

Tilgangi þessum vill Landssamband sjálfstæðiskvenna ná með því að styðja Sjálfstæðisflokkinn, útbreiða stefnu sína meðal kvenna, efla félög sjálfstæðiskvenna og sameina þau til áhrifa á stjórnámál og kosningar.

II. KAFLI

AÐILD

4. grein

Aðild að Landssambandi sjálfstæðiskvenna geta átt öll félög og félagsdeildir sjálfstæðiskvenna, sem stofnuð eru til eflingar þeirri stefnu, sem lýst er í 2. grein laga þessara og fullnægja að öðru leyti skilyrðum þeirra, sbr. og VIII. kafla skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins.

5. grein

Nú vill félag sjálfstæðiskvenna ganga í Landssamband sjálfstæðiskvenna og skal það þá senda stjórn Landssambandsins beiðni um það. Inntökubeiðni skulu fylgja lög, félagatal og hverjir skipa stjórn hlutaðeigandi félags.

6. grein

Er félag hefur verið tekið í Landssamband sjálfstæðiskvenna, skal senda því lög Landssambandsins, skrá yfir aðildarfélög auk annarra nauðsynlegra upplýsinga.

Þá skal og tilkynna öðrum aðildarfélögum Landssambandsins inntökuna.

7. grein

Vilji félag ganga úr Landssambandi sjálfstæðiskvenna, skal það senda stjórn sambandsins skriflega úrsögn.

8. grein

Verði aðildarfélag Landssambands sjálfstæðiskvenna bert að því að vinna gegn stefnu Landssambandsins getur landssambandsþing vikið félaginu úr Landssambandinu. Til að brottvikning verði lögmæt þurfa 3/5 allra þingfulltrúa að greiða henni atkvæði.

III. KAFLI

STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN LANDSSAMBANDS SJÁLFSTÆÐISKVENNA.

9. grein

Málefni Landssambands sjálfstæðiskvenna annast stjórn, framkvæmdastjórn, fulltrúaráð og landssambandsþing.

10. grein

Stjórn Landssambands sjálfstæðiskvenna skal skipuð 14 konum.

Stjórnin skal kosin á landssambandsþingi og gildir kosningin milli þinga. Í stjórninni skulu eiga sæti konur úr öllum kjördæmum landsins, þar sem félög eða félagadeildir sjálfstæðiskvenna eru starfandi.

Formaður skal kosinn sérstaklega. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir í einu lagi, sömuleiðis jafnmargir varamenn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.

Kosning skal vera bundin og skrifleg nema þingfundur ákveði annað.

Við stjórnarkjör skulu að jafnaði 3 konur ganga úr stjórn. Eftir því sem við verður komið skulu þær konur víkja, sem lengst hafa setið í stjórninni. Ekki má kona gegna sama embætti í stjórninni lengur en í 4 ár samfleytt (tvö kjörtímabil).

Í upphafi landssambandsþings skal stjórn sambandsins tilnefna 3 konur í kjörnefnd, sem gerir tillögur um konur við stjórnarkjör.

11. grein

Kjörgengi í stjórn Landssambands sjálfstæðiskvenna hafa allir meðlimir félaga þeirra og félagadeilda, sem í Landssambandinu eru og trúnaðarkonur, þar sem félög eru ekki starfandi.

12. grein

Stjórn Landssambands sjálfstæðiskvenna annast allar framkvæmdir þess, sbr. og 2. mgr. Hún skal, ásamt fulltrúaráði, leitast við að greiða fyrir einstökum félögum í Landssambandinu og auka samvinnu þeirra og tengsl. Stjórnarfundir skal boða með tryggilegum hætti með hálfsmánaðar fyrirvara, nema sérstaklega standi á. Stjórn Landssambands sjálfstæðiskvenna kýs úr sínum hópi 2 konur og 2 til vara sem ásamt formanni, varaformanni, gjaldkera og ritara mynda framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórn annast daglegan rekstur sambandsins milli stjórnarfunda. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdastjórnar skulu sendar öllum stjórnarkonum jafnóðum. Sérhver framkvæmdastjórnarmaður getur krafist þess að máli sé vísað til ákvörðunar stjórnarfundar. Framkvæmdastjórn er óheimilt að send frá sér ályktanir nema þær, sem stjórn Landssambandsins hefur samþykkt áður. Fundir framkvæmdastjórnar eru opnir öllum stjórnarkonum Landssambandsins.

IV. KAFLI

FULLTRÚARÁÐ LANDSSAMBANDS SJÁLFSTÆÐISKVENNA.

13. grein

Fulltrúaráð Landssambands sjálfstæðiskvenna skal skipað stjórn Landssambandsins auk eins fulltrúa frá hverju aðildarfélagi sambandsins. Stjórn Landssambandsins er heimilt að veita fulltrúaréttindi einni konu úr hverju kjördæmi, þar sem aðildarfélag er ekki starfandi.

Formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna er einnig formaður fulltrúaráðsins. Aðildarfélag skipar sinn fulltrúa og ræður umboði hans.

Fulltrúaráðið skal halda a.m.k. einn fund það árið sem landssambandsþing kemur ekki saman. Skal þar ræða málefni Landssambands sjálfstæðiskvenna og gera ályktanir um stjórn málaafstöðu þess.

14. grein

Sérhver fulltrúi í fulltrúaráði gætir hagsmuna síns félags. Hann skal og vera stjórn Landssambandsins hjálplegur um allt, er varðar sérstaklega það félag, sem hann er fulltrúi fyrir.

Stjórn Landssambandsins er heimilt að skipa fulltrúaráðskonur í nefndir til að athuga ákveðin mál og annast ákveðin störf.

V. KAFLI

LANDSSAMBANDSÞING.

15. grein

Landssambandsþing skal koma saman að jafnaði annað hvert ár, og ef mögulegt er það ár, sem Landsfundur Sjálfstæðisflokksins er ekki haldinn.

Aukaþing getur stjórn Landssambandsins kallað saman ef nauðsyn þykir og skyld er hún til þess ef meira en helmingur fulltrúa í fulltrúaráði krefst þess.

Til Landssambandsþings skal boða með hæfilegum fyrirvara.

16. grein

Á landssambandsþingi eiga sæti:

- a. Stjórn Landssambands sjálfstæðiskvenna.
- b. Fulltrúar, er félögin í Landssambandi sjálfstæðiskvenna kjósa, skv. reglum 17. gr. 1. mgr.
- c. Fulltrúar kvenna í sjálfstæðisfélögum, þar sem kvenfélög eru ekki starfandi, skv. reglum 17. gr. 2. mgr.

Kjörgeng til þingsins er hver sú kona, sem er meðlimur í einhverju aðildarfélagi Landssambands sjálfstæðiskvenna, svo og konur, sem eru meðlimir í almennum félögum sjálfstæðismanna, þar sem kvenfélög eru ekki starfandi.

17. grein

Þingfulltrúatala aðildarfélags skal fundin með því að deila 20 í félagatölu þess. Komi þá út brot, skal það hækkað upp ef það er meira en 1/2, ella skal því sleppt.

Þingfulltrúatala kvenna í almennum félögum sjálfstæðismanna, þar sem kvenfélög eru ekki starfandi, skal fundin með því að deila 20 í fjölda kvenna í félaginu. Komi út brot, skal það hækkað upp ef það er hærra en 1/2, ella skal því sleppt.

Nú óskar aðildarfélag, eða konur í almennum félögum sjálfstæðismanna, þar sem kvenfélög eru ekki starfandi, eftir að senda á landssambandsþing fleiri fulltrúa en reglur 1. og 2. mgr. heimila og getur stjórn Landssambandsins þá samþykkt og leyft þeim fundarsetu sem áheyrnarfulltrúar.

18. grein

Á reglulegu landssambandsþingi skal gerð grein fyrir starfsemi Landssambands sjálfstæðiskvenna á liðnu starfstímabili og rætt og ályktað um starfsemi þess á komandi árum. Þá skulu landsmálin og rædd. Þar skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar Landssambandsins með athugasemdum og svörum. Einnig skulu þar kjörnir fulltrúar Landssambandsins í flokksráð skv. skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins.

19. grein

Landssambandsþing kýs sér forseta og skrifara. Það getur skipað þingfulltrúa í nefndir til að athuga ákveðin mál.

Landssambandsþing úrskurðar sjálfst um kjörgengi þingmanna og kjörbréf þeirra.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á landssambandsþingi, nema annars sé getið.

VI. KAFLI

KJÖRDÆMISÞING.

20. grein

Heimilt er félögum sjálfstæðiskvonna í hverju kjördæmi að hafa með sér samtök. Efnt skal árlega til kjördæmisþings sjálfstæðiskvonna í hverju kjördæmi, eða eftir því sem ástæða þykir til. Skulu fulltrúar félaga á kjördæmisþingum valdir með sama hætti og til landssambandsþings.

Stjórn Landssambands sjálfstæðiskvonna á rétt til að sitja kjördæmisþing með málfrelsi og tillögurétti. Ekki hafa þær atkvæðisrétt nema kjörnar séu á þingið.

Á kjördæmisþingum skal rætt og ályktað um starfsemi sjálfstæðiskvonna í kjördæminu og önnur mál, ef efni standa til að dómi þingsins.

Fulltrúi kjördæmisins í landssambandsstjórn kallar saman kjördæmisþing, en stjórn Landssambands sjálfstæðiskvonna hefur rétt til að kalla slíkt þing saman, ef hún telur nauðsyn á.

VIII. KAFLI

TEKJUR

21. grein

Aðildarfélög skulu greiða til Landssambands sjálfstæðiskvonna árgjald fyrir hverja félagskonu. Á landssambandsþingi skal ákveða árgjöld aðildarfélaganna fyrir næstu tvö árin.

22. grein

Reikningstímabil Landssambands sjálfstæðiskvonna er milli reglulegra landssambandsþinga.

VIII. KAFLI

LAGABREYTINGAR O.FL.

23. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á reglulegu landssambandsþingi og þurfa 3/5 viðstaddra þingfulltrúa að greiða breytingunni atkvæði svo hún nái fram að ganga. Tillögur um lagabreytingar skulu sendar aðildarfélögum a.m.k. tveimur mánuðum fyrir landssambandsþing.

24. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lagabreyting var gerð á 12. grein á landsþingi Landssambands sjálfstæðiskvenna sem haldið var í Hveragerði dagana 26. og 27. maí 1995.

Reykjavík, 28. ágúst 1996.

D150896a